

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 433/2013, stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Um tilkynningar vegna veiða skv. þessari reglugerð gilda ákvæði reglugerðar nr. 285/2014, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), með síðari breytingum.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Veiðar á karfa (S.Mentella) í Sildarsmugunni (ICES svæði I+II), austan 22°V eru heimilar frá og með 1. ágúst til og með 31. desember 2014. Sameiginlegar aflaheimildir aðildarríkja NEAFC fyrir árið 2014 eru 19.500 lestir. Þennan afla skal skrá sem „RED“ í tilkynningarkerfinu.

Fiskistofa tilkynnir leyfishöfum þegar 80% magnsins er náð. Þegar sameiginlegar aflaheimildir aðildarríkja NEAFC fyrir árið 2014 eru uppnar skal Fiskistofa afturkalla öll útgefin veiðileyfi.

Við uppreikning á hausuðum og slægðum karfa í afla upp úr sjó skal miða við stuðulinn 1,70.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. apríl 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.